



Borgarráð

Reykjavík 25. apríl 2017


Skipan starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra - Mál 87 frá nefndasviði Alþingis

Vísað er í tölvupóst Lindu Sifjar Sigurðadóttur á skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10.04.2017, þar sem óskað er umsagnar um erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 7. apríl s.l. varðandi skipan starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, 87. mál.

Til grundvallar liggur skýrsla frá nefnd skipuð af umhverfisráðherra 9. júlí 2010 sem í voru sérfræðingar frá helstu stofnunum og hagsmunafélögum sem tengjast málum villtra fugla og spendýra. Nefndin hafði einnig samráð við marga aðila. Nefndin skilaði umfangsmikilli og vandaðri skýrslu 3. apríl 2013.

Lagt er til taka undir að skipaður verði starfshópur til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra, 87. mál.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,


Þorólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða